



2010

Til sveitarstjórna

Áskorun frá velferðarvaktinni um aðgæslu þegar ákvarðanir eru teknar hagræðingarskyni

Þegar stjórnvöld taka ákvörðun um að draga úr tiltekinni þjónustu vegna efnahagsástandsins verður að gæta að eftirfarandi:

- Standa verður vörð um grunnþjónustuna og má ekki draga úr henni gagnvart viðkvæmustu hópunum.
- Fullnægjandi upplýsingar verða að vera fyrir hendi um áhrif og afleiðingar ákvörðunar á notendur. Í því felst að ákvörðunina er best að taka í anda opins lýðræðis í fullu samráði við þá sem hún snertir, þar með talda notendur og þeirra samtök ef við á og eftir atvikum aðstandendur og sérfræðinga á viðkomandi sviði. Enn fremur ber að leita samráðs við aðila vinnumarkaðarins þegar ákvörðunin snertir þá.
- Flötum niðurskurði verður ekki beitt sem leggst af fullum þunga á notendur heldur er ákvörðun tekin um hagræðingu á afmörkuðu sviði og samhliða hugað að mótvægisáðgerðum sem mildar afleiðingar niðurskurðarins.
- Gæta verður jafnræðis, samræmis og meðalhófs í hvívetna og að tilteknir hópar notenda finni ekki meira en aðrir fyrir hagræðingaráðgerðum.
- Hagræðing og sparnaður á einum stað má ekki leiða til aukinna útgjalda og álags á öðrum sviðum hins opinbera. Sérstaklega þarf að gæta að því að útgjaldaliðir séu ekki færðir milli ríkis og sveitarfélaga án þess að gerðar séu um leið breytingar á tekjustofnum.
- Tekið skal fram þegar ákvörðun um hagræðingu er birt hvort um sé að ræða tímabundna ráðstöfun og þá til hve langs tíma eða varanlega ákvörðun. Allar neyðaraðgerðir sem gripið er til á erfiðum tímum þurfa að vera þess eðlis að unnt sé að leiðrétta þær aftur þegar betur árar, án þess að skaði hafi orðið af.
- Við hagræðingu í skólastarfi verði lögð áhersla á að fá nærsamfélagið til samstarfs, ekki síst foreldra og þriðja geirann.

Sé sparnaði beitt án þess að gripið sé til mótvægisáðgerða, með áherslu á að tryggja gæði þjónustunnar og jafnræði, er ekki um hagræðingu að ræða heldur niðurskurð. Stjórnvöld eru hvött til að setja saman lista yfir þá þjónustu sem ekki má skerða og hafa framangreind atriði að leiðarljósi við hvert skref.

Framangreindir punktar eru úr greinargerð velferðarvaktarinnar um grunnþjónustu frá des. 2009*.

Með góðri kveðju,

Lára Björnsdóttir
formaður velferðarvaktarinnar

*<http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/utgafa2010/GreinargerðUmGrunnthonustuVelferðarvakt100109.pdf>